



SIGLINGASTOFNUN

Alþingi  
Erindi nr. P 127/1033

komudagur 7.3.2002

Alþingi  
Helga E. Þórisdóttir  
Við Austurvöll  
150 Reykjavík

Kópavogi, 05.03.2002  
HG/hj

### **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um verndun hafs og stranda.**

Siglingastofnun Íslands vísar til bréfs umhverfisnefndar Alþingis dags. 27. febrúar 2002, þar sem sent er til umsagnar frv. til laga um verndun hafs og stranda, 492. mál.

Siglingastofnun Íslands telur að nefnd sem vann að ofan nefndu frumvarpi hafi um margt unnið gott starf og að með frumvarpinu sé í meginatriðum gerð bragarbót á þeim atriðum sem frumvarpið tekur til. Siglingastofnun vill þó vekja athygli á eftirfarandi atriðum í frumvarpinu:

Í 2. mgr. 9. gr. frumvarpsins er lagt til að lagning sæstrengja og neðansjárleiðslna verði háðar starfsleyfi Hollustuverndar ríkisins og að við veitingu þeirra verði haft samráð við sjávarútvegsráðuneyti jafnframt því að taka mið af mati á umhverfisáhrifum eins og við á. Sæstrengir til flutnings á raforku með 132 kV spennu eða hærri og eru 20 km eða lengri eru háðir mati á umhverfisáhrifum, sbr. lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Í 52. gr. laga um fjarskipti nr. 107/1999 eru eftirfarandi ákvæði um vernd sæstrengja:

„Þar sem fjarskiptastrengir liggja í sjó skulu sjófarendur sýna aðgæslu og gæta varúðar. Nú er tjóni valdið á fjarskiptastreng af ásetningi eða gáleysi, og skal þá sá sem tjóni hefur valdið bæta beint og óbeint fjártjón sem af því hlýst nema hann sýni fram á að hann hafi gert allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir til þess að komast hjá tjóni.

Þegar skip er innan eða utan landhelgi við lagningu eða viðgerð fjarskiptastrengja og ber til sýnis alþjóðamerki eða önnur merki er gefa þetta til kynna skulu önnur skip sem sjá eða eiga að geta séð þessi merki halda sig eigi skemmra en mílufjórðung frá sæsímaskipinu. Net og önnur veiðarfæri skal hafa í sömu fjarlægð. Fiskiskip skulu þó hafa 12 stunda frest til þess að fjarlægja veiðarfæri sem í sjó liggja.

Nú hefur dufl verið lagt út vegna lagningar eða viðgerðar á sæstreng, og skulu skip þá halda sér og veiðarfærum sínum eigi skemmra en mílufjórðung frá duflinu.“

Siglingastofnun Íslands telur ekki ástæðu til að kveða á um slíkt starfsleyfi Hollustuverndar frekar en Siglingastofnunar. Verði það hins vegar gert er eðlilegt að samráð sé jafnframt haft við Siglingastofnun Íslands vegna siglingaöryggis og merkingar um sæstrengi á sjókort. Jafnframt er lega sæstrengja merkt með leiðarmerkjum og í 5. mgr. 3. gr. vitalaga nr. 132/1999 kemur fram að ef hafnarstjórn eða einstaklingur vill setja upp leiðarmerki fyrir sjófarendur skal gerð þess og staðsetning ákveðin í samráði við Siglingastofnun Íslands sem leitar umsagnar siglingaráðs um málið. Leiðarmerki má ekki taka í notkun fyrir en úttekt hefur farið fram af hálfu Siglingastofnunar Íslands sem þá sér um að merkið verði auglýst svo sem nánar er greint í vitalögum.

11. gr.: Í greininni er fjallað um aðstöðu í höfnum fyrir móttöku á úrgangi frá skipum. Væntanleg er tilskipun frá ESB um móttöku á sorpi í höfnum og er því rétt að vísa jafnframt



til reglna skv. EES-samningnum á sama hátt og vísað er til leiðbeininga Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar.

15. gr.: Siglingastofnun Íslands telur að þessa grein verði að skoða með tilliti til tillagna nefndar um afmarkaðar siglingaleiðir skipa og frumvarpsdraga um öryggi siglinga og fjarskiptabjónustu við skip. Gera þarf greinarmun á íhlutun á skipsstjórn áður en mengun hefur átt sér stað og íhlutun þegar mengun hefur þegar orðið.

20. gr.: Siglingastofnun Íslands telur að þessa grein verði að skoða með tilliti til tillagna nefndar um afmarkaðar siglingaleiðir skipa og frumvarpsdraga um öryggi siglinga og fjarskiptabjónustu við skip. Siglingastofnun telur að ákvæði um siglingaleiðir eigi að vera í lögum á forræði samgönguráðuneytis og því beri að fella ákvæði 1. mgr. 20. gr. frumvarpsins niður.

Virðingarfyllt,  
f.h. Siglingastofnunar Íslands,

Hermann Guðjónsson,  
forstjóri

Gísli Viggósson,  
forstöðumaður hafnasviðs